

234. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 20. febrúar 2024 og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Vilborg Guðný Valgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Kristín Kötterheinrich varaáheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Ingunn Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri og Daníel Sigurðsson Gláð forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2402214 - Framkvæmdir við mannvirki á skóla- og frístundasviði - reglubundið yfirlit

Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri kynna stöðu framkvæmda á skóla- og frístundasviði.

Skóla- og frístundaráð þakkar Önnu Maríu og Alfreð fyrir góða yfirferð á framgangi endurbóta á skóla- og íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar.

Anna María og Alfreð víkja af fundi.

2. 2402212 - Málefni leikskólastigsins 2024

Anney Ágústsdóttir, Ingunn Sveinsdóttir, Íris G. Sigurðardóttir og Vilborg Valgeirsdóttir leikskólastjórar sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar leikskólastjórum fyrir gagnlegt samtal um málefni leikskólastigsins s.s húsnæðismál og fyrirhugaða innritun í ágúst 2024.

Anney, Ingunn, Íris og Vilborg víkja af fundi.

3. 2402211 - Erindi frá foreldrafélagi Brekkubæjarskóla - akstur í íþróttakennslu í Ægir gym

G. Erna Valentínusardóttir, Kristín Kötterheinrich fulltrúar foreldrafélags Brekkubæjarskóla sitja fundinn undir þessum lið ásamt Vilborgu Þ. Guðbjartsdóttur deildarstjóra.

Skóla- og frístundaráð tekur jákvætt í erindi foreldrafélags Brekkubæjarskóla og leggur til að greiddur verði akstur fyrir nemendur unglingsstigs í íþróttakennslu í Ægir gym tímabilið 4. - 28. mars. Sviðsstjóra er falið frekari úrvinnsla og málinu vísað til afgreiðslu í bæjarráð.

G. Erna, Kristín og Vilborg víkja af fundi.

4. 2402213 - Kraftakeppnin fjallkonan 2024

Kraftakeppnin fjallkonan verður haldinn í fyrsta skipti helgina 7. til 8. júní 2024. Skipuleggjendur hafa áhuga á að halda keppnina á Akranesi. Valdimar Númi Hjaltason og Guðmundur H. Aðalsteinsson aðstandendur keppninnar fylgja málinu eftir. Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Valdimar Núma og Guðmundi H. kærlega fyrir komuna og góða kynningu á fyrirhugaðri kraftakeppni - Fjallkonan. Ráðið telur Akranes vera góðan kost fyrir viðburð sem þennan og felur sviðsstjóra frekara samstarf við skipuleggjendur um aðkomu kaupstaðarins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.